



Reykjavík, 17. júlí 2025
USK24050183

Holtavegur 29B – umsókn um breytingu á deiliskipulagi

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 28. nóvember 2024 var lögð fram umsókn Richard Ólafs Briem, dags. 12. nóvember 2024, um breytingu á deiliskipulagi Laugardals, austurhluta vegna lóðarinnar nr. 29B við Holtaveg. Í breytingunni sem lögð er til felst að stækka lóðina, færa vinnuskúra, sem tilheyrir aðliggjandi skólagörðum, til norðvesturs, fella niður kvöð um lagnir inn lóðar og færa hana út fyrir lóðarmörk og gera byggingarreit fyrir sambýli á lóð, samkvæmt uppdr. VA arkitekta dags. 8. nóvember 2024, br. 22. janúar 2025. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnastjóra og er nú lagt fram að nýju.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040

Tillaga af stækkun

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin Heimar íbúðarbyggð og laugardalur, opið svæði.

Deiliskipulag/ Hverfissskipulag: Í gildi er deiliskipulagið Laugardalur, austurhluti samþykkt í borgaráði dags. 13. janúar 2005 ásamt síðari breytingum á deiliskipulaginu.

Umsögn

Neikvætt að breyta deiliskipulagi og stækka lóð að svo stöddu. Mörg mikilvæg atriði eru enn óleyst og kalla á frekari úrvinnslu.

Tillagan felur jafnframt í sér skerðingu á grænu svæði sem er í mikilli notkun íbúa.

Í ljósi þess er heppilegast að finna aðra staðsetningu fyrir sambýlið, þar sem slíkt húsnæði getur risið án þess að ganga á græn svæði og matjurtagarðana.

Niðurstaða

- Neikvætt samanber umsögn hér að ofan.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Valný Aðalsteinsdóttir, verkefnastjóri og arkitekt